

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 12. október 2017 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-42/2017.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 6. júní 2017 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna landslagsráðgjafar frá Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi telur að ráðgjöfin hafi átt að vera endurgjaldslaus og krefst þess að reikningur, sem seljandi hefur gefið út vegna þjónustunnar, verði felldur niður.

II

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðila sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kærunefndina um álit á ágreiningnum. Valdsvið kærunefndarinnar nær því ekki til að gefa álit á ágreiningi sem ekki fellur undir framangreind lög.

Ágreiningur aðila varðar reikning vegna ráðgjafar seljanda um fyrirhugaða smíði álitsbeiðanda á sólpalli við fasteign sína. Meðal gagna málsins er tölvupóstur frá álitsbeiðanda þar sem hann óskar eftir ráðgjöf endurgjaldslaus, en honum var í kjölfarið bent á að hafa samband við skiptiborð seljanda símleiðis og panta þar tíma fyrir ráðgjöf. Kærunefndin hefur ekki gögn um það hvað fór fram í því símtali eða hvort álitsbeiðandi hafi beðið sérstaklega um endurgjaldslausa ráðgjöf. Getur nefndin þar af leiðandi ekki slegið því föstu hvert var efnislegt inntak samkomulags milli aðila.

Af gögnum málsins verður hins vegar ráðið að ráðgjöf seljanda miðaði að því að álitsbeiðandi festi kaup á timbri í kjölfarið, af seljanda, í samræmi við ráðgjöfina. Álitsbeiðandi telur að ráðgjöfin hafi átt að vera endurgjaldslaus og að um sölukynningu hafi verið að ræða. Seljandi segir ráðgjöfina hins vegar ekki endurgjaldslausa en þó verði fjárhæð reiknings vegna ráðgjafarinnar, 5.900 krónur, dregin frá þegar timbur er keypt í samræmi við ráðgjöfina. Telur seljandi að ráðgjöfin sé því raunverulega án endurgjalds þegar upp er staðið. Þá hefur seljandi haldið því fram að álitsbeiðandi hafi ekki haft orð á því eða spurt um það hvort ráðgjöfin væri endurgjaldslaus þegar hún fór fram, heldur hafi hann þegið þjónustuna.

Í 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup er gildissvið laganna skilgreint. Þar segir:

„Lög þessi taka til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

- 1. vinnu við lausafjarmuni,*
- 2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,*
- 3. geymslu á lausafjarmunum,*
- 4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.*

Með þjónustu er átt við heildarframlag seljanda sem honum ber greiðsla fyrir. Með neytanda er átt við einstakling sem er kaupandi þjónustu og kaupin eru ekki í atvinnuskyni eða í tengslum við starf hans.“

Af skilgreiningu þessari verður ráðið að ráðgjöf, í tengslum við sölu á þjónustu, þar á meðal framkvæmdir við fasteignir, á undir gildissvið laganna, sbr. 4. tl. 1. gr. laganna. Í 2. mgr. 2. gr. laganna segir þó að lögin eigi ekki við um samsetningar, smíði eða annars konar vinnu sem seljandi þjónustu innir af hendi og er liður í samningi hans og neytanda um kaup. Lögin eiga því ekki við þegar vinna er liður í samningi um kaup á lausafjármunum, en líkt og að framan greinir virðist skilningur beggja aðila vera að ráðgjöfin hafi verið í tengslum við fyrirhuguð kaup á timbri.

Ekki liggur fyrir hvort álitsbeiðandi hafi fest kaup á timbri af seljanda en ráða má af ágreiningi aðila að svo sé ekki. Sá ágreiningur sem uppi er milli aðila fellur því hvorki undir lög um lausafjárkaup né neytendakaup, enda ekki um að ræða kaup á hlut heldur ráðgjöf, sem ekki fellur undir gildissvið laga um þjónustukaup.

Leiðir þetta til þess að kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa hefur ekki vald til þess að gefa álit sitt á ágreiningnum samkvæmt þeim lögum sem hún starfar eftir. Ber kærunefndinni samkvæmt því að vísa beiðni álitsbeiðanda frá nefndinni.

III

Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson